

L Ö G

46

30. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1942 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

AUGLÝSING

47

30. júní

um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Samkvæmt tillögum ráðuneytisins hefur ríkisstjóri staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ
fyrir Háskóla Íslands.

I. Stjórn háskólans.

1. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor og háskólaráði.

2. gr.

Rektor er kosinn af prófessorum og dósentum háskólans til þriggja ára í senn, en prófessorar einir eru kjörgengir.

Sá prófessor er rétt kjörinn rektor, sem fengið hefur meira hluta greiddra atkvæða, enda hafi tveir þriðju hlutar kosningarbærra kennara átt þátt í atkvæðagreiðslunni.

Rektorskosning fer fram 14. dag maímánaðar eða næsta virkan dag.

Hafi enginn fengið yfir helming atkvæða, skal kjósa af nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er sá þá rétt kosinn, sem flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Rektor má endurkjósa, en ekki er hann skyldur að taka við endurkjöri. Rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.